

L Ö G

um framlenging á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu
h/f Eimskipafélags Íslands.

64

12. marz

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lög nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands, skulu gilda árin 1945 og 1946, enda verji félagið tekjuafgangi sínum, þá er það hefur greitt hluthöfum 4% arð, venjuleg sjóðstillög og útsvar samkvæmt framangreindum lögum, til kaupa á skipum eða á annan hátt í þágu samgöngumála og láti á yfirstandandi ári fara fram nafnskráningu hlutabréfa félagsins og birtingu hluthafaskrár.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. marz 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Pétur Magnússon.

L Ö G

um endurveitingu borgararéttinda.

65

16. marz

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Dómsmálaráðherra heimilast að veita þeim, sem sviptir hafa verið borgara- og atvinnuréttindum með dómi eða vegna afleiðinga refsidóms fyrir afbrot framin fyrir 17. júní 1944, réttindi sín aftur án umsóknar, enda hafi ekki hlotizt heilsutjón af verknaði þeirra og málsbætur séu fyrir hendi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. marz 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Finnur Jónsson.